

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 110/2002

frá 12. júlí 2002

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2002 frá 25. júní 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 204/2002 frá 19. desember 2001 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3696/93 um vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA) ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 20b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3696/9) í XXI. viðauka við samninginn:

„- **32002 R 0204:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 204/2002 frá 19. desember 2001 (Stjtið. EB L 36, 6.2.2002, bls. a).“

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 204/2002, á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 266, 3.10.2002, bls. 67 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 49, 3.10.2002, bls. 49.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 36, 6.2.2002, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 13. júlí 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 12. júlí 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Gunnar Snorri Gunnarsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.